

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað árið 1947:

Skógurinn. Sala skógarafurða. Eftirspurn lítil hér, eins og s.l. ár. Aðal tekjur er efniviðarsala til Reykjavíkur. Bændur Bændur hafa enn notað kol, enda þótt verð þeirra sé hátt og flutninguskostnaður mikill. Þetta mun þó að líkindum breytast á árinu 1948 til hins betra fyrir viðarsöluna. Selt var:

	Efniviður.		Eldiviður.
	stk.	kg.	kg.
1. Á Hallormsstað	410	1400	10.900
2. Sent Skógrækt ríkisins	25	4200	4.250
Alls:	435	5600	15.150

Brent á Hallormsstað.

Frævöxtur var enginn á skóginum. Orsakir þess, eru tvímæla-laust viðloðandi maðkur, heldur óhagstæð tíð í apríl og maí, svo og fremur svalt sumar 1946.

Maðkurinn var allútbreiddur, en þó mestur hér í suður-skóginum, eindum í Atlavík. Á ungsviði bar lítið á maðki. Þegar kom fram í júlí var hann að mestu horfinn, og um 20. júlí laug-guðust þau tré, þar sem árásin var vægari, en hin vora lengur að ná sér.

Vöxtur á nýgræðingi varð sәmilegur, enda var sumaríð' með þeim betri, eins og veðurskýrslan sýnir.

Lengstu árssprotar urðu 75 cm.

Laufgunartíma má telja 29-31 maí.

Frævöxtur í barrtrjám var lítill. Á furu og grenitegundum enginn. Á lerki dálitið, en könglar mjög smáir. Á reynivið var fræ aðeins á plöntuðum trjám í gömlum jarðvegi.

Viðhald girðinga: Bilanir voru litlar og endurnýjun á staurum mjög lítil.

Færsla á suðurhlíð var gerð vegna breytinga á þjóðveginum sem liggur enn í Fljótsdal.

Veðurfar og veðurathuganir: Svo sem veðurskýrsla ber með sér voru janúar og febrúar mjög mildir, eindum janúar. Jörð var snjólaus fram í febrúar. Seint í febr. brá til kulda og snjóa og heldust fram í apríl. Marz var mjög kaldur, og snjór talsverður, eða um 60-70 cm. snjódýpi í skóginum hér. Apríl var svalur og tók skógurinn ekki að bæra á sér fyr

en eftir mánaðarmótin apríla-máí. Frá miðjum maí tók að hlína og var sumarið sólrikt og þurrt, einkum ágúst.

	Hiti.	Úrkoma.
Janúar	3,8 °C.	26.5 m.m.
Febrúar	± 3.8 -	37.5 - -
Marz	± 6.7 -	9.7 - -
Apríl	4 -	36.8 - -
Máí	8.5 -	16.5 - -
Júní	9.0 -	33.0 - -
Júlí	12.0 -	75.6 - -
Ágúst	12.7 -	14.7 - -
September	7.5 -	51.8 - -
Október	4.9 -	46.5 - -
Nóvember	± 1.4 -	79.4 - -
Desember	± 1.9 -	35.6 - -
Alls:	72.4 -	463.6 - -

Meðalhiti sumars 10.3 °C.

Mestur hiti 30 ág. 26 -

Minnstur - 12 mars 14.2 °C.

Fyrsta frost 28 sept. ± 2.5 °C.

Síðasta frost 25 nóv. ± 0.6 -

Dagar með 20° og þar yfir. í júlí 10, í ágúst 4 = 14 dagar.

Græðireiturinn: Sáð var þessum tegundum og magni.

Birki 21 kg. Úr Bæjarstáðarskógi, þar af 6 frá Hallormss.

Sitkagreni 3.3 - Frá Alaska Pakenbon.

Lerki (L. sibirika) 3.0 Uppruni 55°-60°n. br. 1200 m. yfir sjó
Hakaskoja.

Dreifplantað var:

Björk	55.000 stk	Sitkagreni	3/2 ca. 11.500 stk
Reynir	8.000 -	Ennfremur var plantað skógar-	
Ribs	2.500 -	furuplöntum frá Noregi ca.	
Gulvíðir	2.000 -	12.000 (en flesta dóu)	

Græðlingar settir:

Ribs	8000 stk.	-
Sólber	2000 -	
Þingvíðir	6000 -	
Gulgíðir	5000 -	alls 21.000 græðlingar.

Söluplöntur afgreiddar samkv. skýrslu.

1. Seldar á Hallormsstæð

1.954 stk.

2. Sendar skógrækt ríkisins Reykjavík. 28.480 stk.

Látnar ókeypis:

1. Skógræktarfélag Austurlands. 1.000 -

2. - - - - Seyðisfjarðar 500 -

Alls: 31.934 stk.

Vöxtur í græðireitnum:

Birkitré spíraði vel. Reynitré miður.

Lerki kom vel upp, en sitkagreni fremur illa. Vöxtur í frætebum var góður. Reynir 2/o dafnaði vel. Björk 2/o einnig, en ryðsveppur orsakaði að vöxturinn var misjafn. Björk og reynir 2/l tóku vel við sér. Einig náði björk og reynir 2/2 særilegum proska, þó stóð purrkur þeim talsvert fyrir þrifum.

Áburðarnotkun: Tilbúinn áburður:

Kalksaltpj. Ammophosi. Kalí. Fosfórsýra.

Frá fyrra ári: 2 tonn. 1 tonn.

Keypt inn á árinu: 10 tonn. 3 tonn. 2 - 2 -

Alls til ráðstöfunar: 10 - 3 - 4 - 3 -

Borð í reitinn: 4 tonn. 3 tonn. 3 tonn. 1 tonn.

Láðið í skiptum: 5 -

Eftir til næsta árs: 1 - 2 - 2 -

Alls: 10 tonn. 3 tonn. 4 tonn. 3 tonn.

Húsdýraáburður:

Borinn í reitina 55 kerruhlöss.

Sandur fluttur í reitinn wa. 10 tonn.

Ársvöxtur á barrtrjám í skóginum, mældur sem hér segir:

Blágr. Rauðgr. Skógarf. Lerki 10 ára, 20 25 ára.

Lengd. 10 ára. 40 ára. 8 ára.

- 50 15-40 cm. 50-75 cm. 15-35 cm. 25-75 cm. 50-60 cm.

Pínus contorta Hvítgreni Pínus sembra

- 8 ára 18 ára

15-30 cm. 15-35 cm.

Söluplöntur næsta ári, þær voru flestar teknar upp í haust og slegið niður og geimdar í græðireitnum í vetur.

Tala þeirra nálgast það sem hér segir.

Birki 30.000, Reynir 4000, Ribs 1600, Gulvíðir 3000, Þingvíðir 4000, alls 42.600 stk.

Ókeypis birkiplöntur, þær er áður er getið, voru gróðursettar á Eiðum norðan við búið. Skógræktarfélag Seyðisfjarðar mun hafa gróðursett þær er það fékk í gírðingunni innan við Fjarðarsel. Þetta er nýung, því hér um slóðir hefur birki aldrei verið gróðursett í jafn stórum stál í ómerkta jörð. Vinnandi gefst þessi byrjun vel.

Ferðir á árinu: Lengri ferðir fór ég engar en í Eiðar og Vallahrepp, lauk ég við að safna yfirliti um skóglendið þar, og með því einnig á Fljótsdalshéraði öllu. Hinrar sveitirnar tók ég í fyrra og hitteð fyrra. Skrásett hef ég lýsingu á skóglundinum á Héraði.

Lýsing á skóglundum í 4 hreppum með Fjarðasíðunni, sem sé: Breiðdals-Hlöðvar-Búða og Fáskrúðsfjarðarhreppum samdi ég 1945, en eftir eru 5 hreppar í Suður-Múlasýslu og 4 í Norður-Múlasýslu, svo og sveitirnar í Austur-Skaptafellssýslu.

Hallormsstað 15/1 1948,
Guttermur Pálsson.